

Langisjór ehf.



SS-LS 01 – 1

Útgáfudagsetning: 08.01.2021

Samþykkjandi: Framkvæmdarstjóri Matfugls og Síldar og fisks.

Jafnlaunastefna fyrir Langasjó ehf. og dótturfélög

Langisjór ehf. greiðir starfsmönnum sínum jöfn laun óháð kyni samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og tryggir að þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf samkvæmt Jafnlaunastaðli IST 85:2012.

Mannauðsstjóri Langasjávar ber ábyrgð á jafnlaunastefnu fyrirtækisins og dótturfyrirtækja þess. Framkvæmdastjórar dótturfyrirtækjanna sjá um launaákvæðanir í samstarfi við mannauðsstjóra Langasjávar og að samræmi sé gætt þar við allar ákvarðanatökur.

Mannauðsstjóri yfirfer laun starfsmanna einu sinni á ári með framkvæmdastjórum. Yfirferðin hefur það markmið að tryggja að Langisjór og dótturfyrirtæki fylgi eftir jafnlaunastefnu fyrirtækjanna og að samræmi sé gætt í öllum launagreiðslum.

Allar launaákvæðanir eru byggðar á og í samræmi við kjarasamninga og starfslýsingar sem eiga við hvert starf. Starfslýsing skal sýna fram á þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs. Mismunandi kröfur starfanna fela í sér eftirfarandi þætti, menntun, starfsreynslu, ábyrgð, frumkvæði og vinnuáætlæðir en allir þessir þættir hafa áhrif á ákvörðun launa.

Langisjór vill tryggja að starfsmenn fyrirtækisins hafi jöfn tækifæri óháð kyni og að ekki sé til staðar kynbundinn launamunur. Til þess að tryggja að þessum markmiðum sé náð mun Langisjór framfylgja eftirfarandi atriðum:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi byggðu á Jafnlaunastaðli IST 85:2012.
- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu, þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að ganga úr skugga um að ekki sé kynbundinn launamunur til staðar.
- Greina niðurstöður með stjórnendum og kynna þær fyrir starfsmönnum.
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og stjórnendur rýni stefnuna árlega.
- Stefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu fyrirtækjanna.

Samþykkt af umboðsmanni stjórnar (framkvæmdastjóra Matfugls og Síldar og fisks) þann 08.01.2021

Undirritað

Sveinn Vilberg Jónsson